

Eintak án trúnaðarupplýsinga

Ákvörðun nr. 17/2023  
Föstudagurinn 26. maí 2023

## Samruni Fálkans Ísmars ehf. og Iðnvéla ehf.

- Með ákvörðun þessari er tekin afstaða til samruna Fálkans Ísmars ehf. (hér eftir „Fálkinn Ísmar“) og Iðnvéla ehf. (hér eftir „Iðnvélar“). Í viðskiptunum felst að Fálkinn Ísmar kaupir allt hlutfé í Iðnvélum. Samruninn var tilkynntur Samkeppniseftirlitinu með fullnægjandi hætti þann 18. apríl 2023 með svokallaðri styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur eftirlitsins nr. 1390/2020. Samrunaaðilar höfðu áður sent Samkeppniseftirlitinu samrunaskrá sem reyndist ófullnægjandi, m.a. vegna ófullnægjandi upplýsinga um eignatengsl Fálkans Ísmar og Kemi ehf., en samrunaaðilar starfa að hluta við sölu sömu vöruflokka og síðastnefnda félagið.
- Líkt og fram kemur í samrunaskrá er starfsemi samrunaaðila og viðkomandi félaga eftirfarandi:
  - Fálkinn Ísmar er í 51% eigu Sjávarsýnar ehf. (hér eftir „Sjávarsýn“) og 49% eigu FREYJU framtakssjóðs slhf. (hér eftir „Freyja“). Félagið varð til við samruna Fálkans ehf. og Ísmars ehf. í kjölfar kaupa Ísmars ehf. á öllu hlutfé í Fálkanum ehf., sem fjallað var um í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 10/2021, *Samruni Ísmar ehf. og Fálkans ehf.* Fyrir sameiningu var Fálkinn þjónustu- og tæknifyrirtæki sérhæft í bíla- og vélarhlutum, véltæknivörum og raftæknivörum en Ísmar hátæknifyrirtæki með lausnir og þjónustu fyrir flesta atvinnuvegi landsins. Starfsemi sameinaðs félags nær til sviða samskipta, umferðaröryggis, varahluta, véltækni, raftækni, hússtjórnarkerfa o.fl.
  - Sjávarsýn er eignarhaldsfélag sem fjárfestir í öðrum félögum. Auk Fálkans Ísmars fer Sjávarsýn með yfirráð í félögunum Gasfélagið ehf., Sjávarsýn fjárfestingar ehf. og Sjávargrund. Þá fer Sjávarsýn sameiginlega, með Pétri Þór Halldórssyni, með yfirráð yfir félögunum S4S ehf. og Hliðarspor ehf. Sjávarsýn fer einnig sameiginlega, með félaginu UAB LVG Holding, með yfirráð yfir félaginu Samey Holding ehf. Samey Holding er eigandi að öllu hlutfé í Samey Robotics ehf. (áður Samey sjálfvirknimiðstöð ehf.). Loks fer Sjávarsýn með 40,6% eignarhlut í Kemi ehf. sem m.a. rekur verslunina Poulsen.
  - Tandur hf. er undir yfirráðum Sjávarsýnar og felst starfsemi fyrirtækisins í innflutningi, framleiðslu, sölu og dreifingu á hreinlætisvörum til fyrirtækja og stofnana um land allt.
  - Freyja er framtakssjóður í rekstri Kviku eignastýringar, sem stofnaður var í júní 2018. Freyja fer með yfirráð félagsins Emblu Invest ehf. sem er eigandi minnihlutaeignar í Rotovia hf. sem stofnað var utan um sameiginlega fjárfestingu í Promens International BV. Til viðbótar framangreindu á framtakssjóðurinn minnihlutaeign í Arctic Adventures hf. og Matorku ehf. samkvæmt samrunaskrá.
  - Iðnvélar hafa að sögn samrunaaðila um áratugaskeið fengist við innflutning, sölu og þjónustu á nýjum tækjum og vélum til iðnaða, upphaflega með áherslu á innflutning og sölu á stærri vélum fyrir járn- og trésmíðaiðnað, auk þjónustu við þær og viðskipti með notaðar



vélar. Á síðari árum hafi verið lögð aukin áhersla á rekstur verslunar með rekstrarvörur fyrir þær tegundir iðnaðar sem félagið þjónustar, en einnig almenna verktaka og aðra sjálfstætt starfandi iðnaðarmenn. Þá hafi félagið nýverið lagt aukna áherslu á þjónustuframboð og sölu til bifreiðaverkstæða, einkum með sölu á bílalyftum og tengdum búnaði. Félagið reki verslun og sýningarsal í húsnæði félagsins að Smiðjuvegi 44-46 með vélar og tæki fyrir létta iðnað og áhugafólk um smíði, auk ýmiskonar rekstrarvara.

3. Samrunaaðilar skipta starfsemi Fálkans í fjóra meginflokka; þ.e. fyrir bíla- og vélavörur, véltæknivörur, raftæknivörur og svo þjónustuverkstæði. Starfsemi lðnvéla megi að sögn samrunaaðila helst skipta í fjóra meginflokka eftir tegund viðskiptavina; þ.e. í járnsmíðaiðnaði, trésmíðaiðnaði, bifreiðaverkstæði og svo viðskiptavini í verslun.
4. Í samrunaskrá kemur fram það mat samrunaaðila að þeir starfi í meginatriðum á ótengdum mörkuðum. Af þeim sökum muni samruninn hafa óverulega samþjöppun í för með sér. Í samrunaskrá kemur fram að skörun í starfsemi samrunaaðila liggja aðeins í sölu verkfæra, hreinsivara/efnavara og dælna. Að mati samrunaaðila gæti takmarkaðra áhrifa samrunans einkum á mörkuðum fyrir smásölu verkfæra, hreinsi- og efnavara, og dæla.
5. Hvað varðar sölu á verkfærum kemur fram í samrunaskrá að vöruframboð samrunaaðila sé ólíkt. Þannig selji Fálkinn Ísmar leguverkfæri (þ.e. verkfæri sérútbúin til þess að gera við legur), reima- og keðjuverkfæri, vökvatjakka, hitabyssur og talíur. Vöruframboð lðnvéla sé hins vegar samsett af handverkfærum, rafmagnsverkfærum (t.d. borvélar, hersluvélar, slípirokkar og sagir) og loftverkfærum. Þá segir jafnframt í samrunaskrá að sala á verkfærum sé lítil hluti af starfsemi samrunaaðila. Samrunaaðilar áætli að sameiginleg markaðshlutdeild þeirra sé vel undir 5%. Fjöldi keppinauta samrunaaðila selja verkfæri á Íslandi, svo sem Húsasmiðjan, Byko, Bauhaus, Verkfæralagerinn, Verkfærasalan, Ferro Zink, Fossberg, Þór, Sindri, Rubix, Loftverkfæri ehf., Poulsen, Bílanaust, Landvélar, N1 og fjöldi sambærilegra fyrirtækja.
6. Um sölu á hreinsi- og efnavörum er það einnig mat samrunaaðila að vöruframboð þeirra sé ekki það sama. Þannig takmarkist vöruúrval Fálkans Ísmars í þeim flokki við hreinsiefni og efni til notkunar í stál- og vélaviðgerðum/smíði, svo sem bremsu- og fituhreinsir og ryðleysir. Þessu til viðbótar selji Tandur hf., sem sé undir yfirráðum Sjávarsýnar, bílasjampó með bóni. Aftur á móti samanstandi vöruframboð lðnavéla í þeim flokki af bílahreinsivörum og hreinsivörum fyrir trésmíðaiðnað. Þá kemur fram í samrunaskrá að sala Fálkans Ísmars á hreinsivörum og efnavörum sé lítil og hafi [ ]<sup>1</sup>. Þá hafi sala lðnvéla á hreinsivörum fyrir bíla verið lítil eða numið samtals [ ]<sup>2</sup> árið 2021.
7. Hvað varðar sölu á dælum segir í samrunaskrá að hún skipi misstöran sess í starfsemi samrunaaðila. Í tilviki Fálkans Ísmars hafi meiri áhersla verið lögð á sölu á dælum og heildarsala í þessum vöruflokki numið samtals [ ]<sup>3</sup> kr. á árinu 2021, eða sem nemur um [ ]%<sup>4</sup> af heildarveltu félagsins það ár. Hjá lðnvélum hafi sala á dælum verið umsvifalítill í rekstri félagsins. Þannig hafi heildarsala félagsins á dælum numið [ ]<sup>5</sup> kr. árið 2021, eða sem nemur tæplega [ ]%<sup>6</sup> af heildarveltu félagsins. [ ]

---

<sup>1</sup> Trúnaðarmál.

<sup>2</sup> Trúnaðarmál.

<sup>3</sup> Trúnaðarmál.

<sup>4</sup> Trúnaðarmál.

<sup>5</sup> Trúnaðarmál.

<sup>6</sup> Trúnaðarmál.



]7

8. Af samrunaskrá og í frekari sjónarmiðum samrunaaðila til Samkeppniseftirlitsins megi því sjá að lárétt áhrif samrunans séu lítil eða engin og sameiginleg markaðshlutdeild samrunaaðila í öllum ofangreindum tilvikum smávægileg, sé yfir höfuð um lárétt áhrif að ræða. Enga frekari skörun sé að finna í starfsemi samrunaaðila eða tengdra aðila. Að sögn samrunaaðila starfi þeir í meginatriðum á ótengdum mörkuðum enda sé skörun á vöru- og þjónustuframboði þessara aðila lítil eða hverfandi. Því til stuðnings nefna þeir að löðvélar hafi í starfsemi sinni ekki skilgreint Fálkann, eða félög tengd Fálkanum, sem keppinauta sína, og öfugt. Að mati samrunaaðila leiðir framangreint til þess að samruninn sé hvorki til þess fallinn að skapa eða styrkja markaðsráðandi stöðu á þeim markaði sem um ræðir, eða raska samkeppni á annan hátt með umtalsverðum hætti. Af því leiðir að engin neikvæð samkeppnisleg áhrif verði vegna samrunans.
9. Í svörum samrunaaðila við upplýsingabeirni Samkeppniseftirlitsins, dags. 2. maí 2023, um möguleg samlegðaráhrif vegna samruna félaganna tjáðu samrunaaðilar að kaupandi hafi séð tækifæri í stækkun á rekstri félagsins og fjölbreyttari starfsemi. Samlegðaráhrif muni einkum fram í [ ].<sup>8</sup> Fær það stoð í afhentum samtímagögnum. Um möguleg lóðrétt áhrif eða tækifæri sem leiði til samsteypuáhrifa tjáðu samrunaaðilar að þeir sæju ekki sérstök tækifæri í samþættri sölu eða þjónustu vegna sérhæfingar í starfsemi félaganna.
10. Líkt og áður sagði sendu samrunaaðilar fyrst ófullnægjandi tilkynningu um samrunann þar sem í engu var getið til um verulegan eignarhlut Sjávarsýnar ehf., eiganda Fálkans Ísmar, í Kemi ehf. Í samrunaskrá höfðu samrunaaðilar m.a. tilgreint Poulsen verslun í eigu Kemi ehf. sem keppinaut samrunaaðila. Í uppfærðri samrunaskrá fjölluðu samrunaaðilar m.a. um eigna- og stjórnunartengsl Kemi ehf. annars vegar og Sjávarsýnar og Fálkans Ísmar hins vegar, þ.m.t. um 40,6% eignarhlut síðarnefnda félagsins í fyrrnefnda fyrirtækinu og skipan stjórnarformanns Kemi ehf. Auk þess aflaði Samkeppniseftirlitið gagna frá eiganda Kemi ehf. Að mati eftirlitsins eru vísbendingar um að sameiginleg yfirráð hafi skapast í Kemi ehf. Mun Samkeppniseftirlitið taka til skoðunar í sérstöku máli hvort slík yfirráð séu til staðar og hvort tilkynna hefði átt um samruna er varða Kemi ehf. og Fálkann Ísmar. Hefur það þó ekki áhrif á úrlausn þessa samrunamáls.
11. Við athugun málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, fyrirliggjandi gagna, fyrri rannsókna eftirlitsins á tengdum mörkuðum, auk aflaðra sjónarmiða og samskipta við samrunaaðila og hagaðila. Í ljósi fyrirliggjandi gagna og upplýsinga getur Samkeppniseftirlitið tekið undir sjónarmið samrunaaðila um eðli samrunans og möguleg takmörkuð samkeppnisleg áhrif hans. Með vísan til alls framangreinds er það mat Samkeppniseftirlitsins að samruninn muni ekki hafa þau áhrif að hann myndi eða styrki markaðsráðandi stöðu, eða raski samkeppni að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Af þeim sökum er það niðurstaða eftirlitsins að ekki séu forsendur til að aðhafast vegna þessa máls á grundvelli 17. gr. c samkeppnislaga.

---

<sup>7</sup> Trúnaðarmál.

<sup>8</sup> Trúnaðarmál.



## I. Ákvörðunarorð:

**„Kaup Fálkans Ísmars ehf. á öllu hlutafé í lönvélum ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að aðhafast frekar í máli þessu.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson